

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/806****2019/EES/101/04****frá 22. maí 2015****um forskriftir fyrir traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 23. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 910/2014 er kveðið á um að fullgildir traustþjónustuveitendur megi nota traustmerki fyrir fullgilda traustþjónustu til að efla traust og auka hagkvæmni fyrir notendur. Slíkt traustmerki aðgreinir fullgilda traustþjónustu með skýrum hætti frá annarri traustþjónustu og stuðlar þannig að gagnsæi á markaðinum og ýtir undir tiltrú á nettengdri þjónustu og hagkvæmni hennar, sem skiptir sköpum til að notendur njóti fulls hagræðis af rafrænni þjónustu og treysti meðvitað á hana.
- 2) Framkvæmdastjórnin efndi til samkeppni meðal list- og hönnunarnema í aðildarríkjunum í því skyni að safna tillögum að nýju kennimerki. Dómnefnd skipuð sérfræðingum valdi þrjár bestu tillögurnar á grundvelli viðmiðana sem tilgreindar voru í tækni- og hönnunarforskriftum fyrir „e-mark U Trust“-samkeppnina. Þær voru birtar á Netinu til umsagnar frá 14. október til 14. nóvember 2014. Tillöguna að kennimerki, sem meirihluti gesta vefsetursins valdi á því tímabili og samþykkt var með lokaákvörðun dómnefndar, þarf nú að samþykkja sem hið nýja traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu.
- 3) Í því skyni að hægt sé að taka kennimerkið í notkun um leið og notkun þess tekur gildi í samræmi við löggjöf Sambandsins og til að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins, tryggja sanngjarna samkeppni og vernda hagsmuni neytenda var hið nýja traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu skráð sem félagamerki hjá Hugverkaréttindastofu Bretlands og er þar af leiðandi gilt, nothæft og verndað. Kennimerkið verður einnig skráð innan Sambandsins og í alþjóðlegar skrár.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu skal vera í þeirri mynd sem fram kemur í I. og II. viðauka, sbr. þó ákvæði 2. gr.

*2. gr.*

1. Viðmiðunarlitirnir fyrir traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu eru Pantone nr. 654 og 116; eða blár (100% blár + 78% blárauður + 25% gulur + 9% svartur) og gulur (19% blárauður + 95% gulur) ef fjögurra lita prentun er notuð; ef RGB-litir eru notaðir skulu viðmiðunarlitirnir vera blár (43 rauður + 67 grænn + 117 blár) og gulur (243 rauður + 202 grænn + 18 blár).
2. Traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu má aðeins nota í svarthvítu, eins og sýnt er í II. viðauka, í þeim tilvikum þar sem ekki er hentugt að nota lit.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 128, 23.5.2015, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 257, 28.8. 2014, bls. 73.

3. Ef traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu er notað á dökkum bakgrunni má nota það negatíft með sama bakgrunnslit, eins og sýnt er í I. og II. viðauka.

4. Ef traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu er notað í lit á lituðum bakgrunni, sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá það, er heimilt að nota afmarkandi línu utan um merkið til að auka andstæðu við bakgrunnslitina.

3. gr.

Lágmarksstærð traustmerkis ESB fyrir fullgilda traustþjónustu skal tryggja að sjónrænir eiginleikar og helstu form merkisins haldi sér og skal hún ekki vera minni en 64 x 85 myndeindir með upplausn að lágmarki 150 dpi.

4. gr.

Traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu skal nota þannig að glöggst megi sjá hvaða fullgildu þjónustu traustmerkið á við um. Traustmerkið má nota í tengslum við mynd- eða textaeyningar sem vísa greinilega til þeirrar fullgildu traustþjónustu sem það á við um, með því skilyrði að þær valdi ekki breytingum á merkinu né breyti tenglinum við viðeigandi traustlista sem um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI*

**Traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu í lit**



*II. VIÐAUKI*

**Traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu í svarthvítu**

